

Dale Carnegie Course

Dale Carnegie námskeiðið

정규과정

Allt í kringum þig eru einstaklingar sem skara fram úr. Í viðskiptalífinu, íþróttum, fjölmiðlum, skólastarfi, á sviði menningar og lista eða einfaldlega sem sterkir persónuleikar. Fjöldmargir þeirra hafa sótt Dale Carnegie, námskeiðið og um fimm milljón einstaklingar um heim allan hafa lokið námskeiðinu. Þú getur slegist í hóp þeirra sem eru stöðugt að auka velgengni sína.

교육 내용

Á Dale Carnegie námskeiðinu gefst þér kostur á að byggja upp hæfileika þína á fimm sviðum. Þetta eru í raun drifkraftar velgengninnar og markmið námskeiðsins er að; Efla sjálfstraustið, bæta hæfni í mannlegum samskiptum, efla tjáningarhæfileikana, þróa leiðtoga-hæfileika og bæta lífsviðhorf þitt.

교육 목적

Þú þarft reglulega að stíga út úr þægindahringnum en það hjálpar þér að vinna bug á ótta og hræðslu við gagnrýni og losar um hömlur. Sannast sagna má líkja því við að þú kastir af þér gömlum og þungum frakka sem hefur íþyngt þér um áraraðir og finnur hvernig þú öðlast hugrekki og langþráð frelsi til að bera þig eftir framtíðarmarkmiðum þínum.

교육 효과

Á námskeiðinu lærirðu þau grundvallaratriði sem eru lykillinn að allri velgengni og þú kemst upp á lag með að nýta þau í daglegum athöfnum. Í lok námskeiðsins mun þér líða eins og ekkert geti komið í veg fyrir að draumar þínir rætist. Þú hefur öðlast traustan grunn til að öðlast enn frekari þroska og hæfileika til að blómstra á þeim vettvangi sem þér hentar.